

30. desember var cand. med. et chir. Reyni T. Geirssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

31. desember var Sigurjóni Guðjónssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfi í Vestmannaeyjum.

S. d. var Jón L. Sigurðsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir í röntgengreiningu á röntgendeild Landspítalans frá og með 1. janúar 1975 að telja.

S. d. var Jóni Björnssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfi í Stykkishólmi.

S. d. var Sveinn Arason, viðskiptafræðingur, skipaður deildarstjóri í ríkisendurskoðuninni frá 1. janúar 1976 að telja.

Nr. 559.

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Sendiherrar.

25. mars afhenti hr. Gueorgui Nikolaevich Farafonov forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. Yuri A. Kirichenko af störfum sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.

29. apríl afhenti hr. Romuald Poleszczuk forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Póllands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Przemyslaw Ogrodzinski af störfum sem sendiherra Póllands á Íslandi.

2. maí afhenti hr. Kenneth Arthur East forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Bretlands á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. John McKenzie af störfum sem sendiherra Bretlands á Íslandi.

6. maí afhenti hr. Jamsheed K. A. Marker forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Pakistan á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Berlín.

6. maí afhenti hr. Carlos Alberto Empis Wemans forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Portúgal á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Martim de Faria e Maya af störfum sem sendiherra Portúgal á Íslandi.

18. júní afhenti hr. Stavros G. Roussos forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetri í London. Um leið lét hr. Nicolaos Broumas af störfum sem sendiherra Grikklands á Íslandi.

18. júní afhenti hr. Issa Malek forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íran á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Manoutchehr Marzban af störfum sem sendiherra Íran á Íslandi.

3. júlí afhenti dr. Hedwig Wolfram forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét hr. Alois Reitbauer af störfum sem sendiherra Austurríkis á Íslandi.

17. september afhenti hr. János Lörincz-Nagy forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Béla Nagy af störfum sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi.

17. september afhenti dr. K. S. Shelvankar forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. S. N. Chopra af störfum sem sendiherra Indlands á Íslandi.

22. október afhenti hr. Eduardo Jiménez Gonzáles forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Mexíkó á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét dr. Antonio Sordo Sodi af störfum sem sendiherra Mexíkó á Íslandi.

31. október var veitt samþykki til skipunar á hr. David Z. Rivlin til að vera sendiherra Ísraels á Íslandi með aðsetri í Osló.

11. nóvember var veitt samþykki til skipunar á Le Tham til að vera sendiherra Suður-Vietnam á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

12. nóvember afhenti hr. Luis Villalba Olaizola forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Spánar á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Juan de las Bárcenas y de la Huerta af störfum sem sendiherra Spánar á Íslandi.

18. nóvember var veitt samþykki til skipunar á hr. Robbert Fack til að vera sendiherra Hollands á Íslandi með aðsetri í London.

20. nóvember afhenti hr. Oscar E. Alcalde forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kúbu á Íslandi með ambassadorsstigi. Hann hafði áður verið sendiherra með ministerstigi.

15. desember var veitt samþykki til skipunar á hr. Mario Rodríguez til að vera sendiherra Chile á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn.

Ræðismenn.

15. febrúar lét Haraldur J. Hamar af störfum sem kjörræðismaður Mexikó á Íslandi.

26. febrúar var Mario Tapia Ponce veitt viðurkenning til þess að vera aðalræðismaður Mexikó á Íslandi með aðsetri í London.

23. apríl var Þór Þorsteins veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Portúgals með vararæðisstigi í Reykjavík.

14. maí var Jóni H. Bergs veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Kanada með aðalræðisstigi í Reykjavík.

1. júní var Irene Gunnlaugsson veitt lausn sem kjörræðismanni Bretlands með vararæðisstigi á Akureyri.

28. júlí var Kenneth Arthur East sendiherra veitt viðurkenning til þess að vera aðalræðismaður Bretlands á Íslandi.

29. júlí var Charles D. Mierzejewski veitt viðurkenning til þess að vera vararæðismaður Bandaríkja Ameríku á Íslandi.

6. ágúst var Ólafi Helgasyni veitt lausn sem kjörræðismanni Noregs með vararæðisstigi í Vestmannaeyjum.

3. september var Friðrik Sigurði Þorvaldssyni veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Finnlands á Akureyri.

SKRÁ

Nr. 560.

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaði 1975.

	Tbl. nr.
ABC hf., Reykjavík	74
Agnar K. Hreinsson hf., Reykjavík	32
Akkur hf., Ólafsfirði	24
Al-basar hf., Reykjavík	45
Alda hf., Flateyri, V-Ís.	88
Áning hf., Mosfellshreppi, Kjós.	41
Annes hf., Reykjavík	32
Annetta hf., Reykjavík	55
Árborg hf., Selfossi, Árn.	41
Ásgeir Einarsson hf., Reykjavík	80
Atóm hf., Reykjavík	32
Auglýsingastofa Kristínar hf., Kópavogi	84
Austfirðingur hf., Eskifirði	43